



Skýrsla landssambandsforseta

Delta Kappa Gamma

2013 – 2015

Styrkjum tengsl til framtíðar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir
forseti DKG
2013 – 2015

Delta Kappa Gamma á Íslandi er starfandi í 12 deildum víða um landið og eru félagsmenn 338. Á aðalfundi DKG þann 5.maí 2013 var kosin ný stjórn landssambandsins. Í henni sitja Guðbjörg M. Sveinsdóttir forseti, Sigríður Ragnarsdóttir 1.varaforseti, Krístrún Ísaksdóttir 2.varaforseti, Þorgerður Sigurðardóttir ritari og Marsibil Ólafsdóttir meðstjórnandi. Með stjórninni starfar fyrrum landssambandsforseti Sigríður Ragna Sigurðardóttir. Auk hennar störfuðu með stjórn Auður Torfadóttir lögsögumaður og Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri.

Fundir

Stjórnarfundir voru nánast allir haldnir í gegnum SKYPE þar sem stjórnarkonur eru staðsettar vítt og breitt um landið. Þetta fyrirkomulag gekk vel en við vorum ánægðar með að hittast á framkvæmdaráðsfundunum og tala saman augliti til auglitis. Alls voru haldnir 8 stjórnarfundir á tímabilinu, einn vinnufundur og þess á milli vorum við í tölvupóstsamskiptum. Haldnir voru tveir framkvæmdaráðsfundir. Auk ofangreindra aðila sitja í framkvæmdaráði formenn allra deilda. Fundargerðir stjórnar eru á vefsíðu samtakanna. Framkvæmdaráðsfundir voru haldnir haustið 2013 og haustið 2014. Haustið 2013 var fundur framkvæmdaráðs haldinn í Hvaleyarskóla í Hafnarfirði þann 14.september kl. 10:00- 14:00. Þar var fjallað um hlutverk framkvæmdaráðs, starfsáætlun nýrrar stjórnar, alþjóðastarfið og að lokum voru umræður um deildastarfið og tillögur framkvæmdaráðs um helstu verkefni framundan.

Seinni framkvæmdaráðsfundurinn var haldinn á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar 6.september 2014. Starfsáætlun var kynnt fyrir nýjum formönnum, nefndir voru kynntar, farið yfir helstu hlutverk formanna deilda, fundarsköp kennd og síðan voru umræður um félagsstarfið. Sjá fundargerðir á vefsíðunni.

Starfsáætlun

Einkunnarorð tímabilsins voru valin: Styrkjum tengsl til framtíðar

Landssambandsstjórnin bjó til starfsáætlun og kynnti drög að henni fyrir framkvæmdaráði haustið 2013 og fengu fundarmenn tækifæri til að ræða áætlunina og koma með ábendingar. Megináhersla var á að styrkja innra starf deildanna og tengsl kvenna innan félagsins. Innra starf deilda er grundvöllur að öllu starfi innan Delta Kappa Gamma. Nauðsynlegt er að huga stöðugt að því hvernig við vinnum sem best að því að ná öllum markmiðum samtakanna, hvernig við hugsum starfið og hvaða aðferðir tæki og tól við höfum til að sinna því sem best. Starfsáætlunin er á vefsíðu samtakanna.

Deildastarf

Áhersla stjórnar var á innra starf deildanna og því mikilvægt fyrir stjórnina að vera í góðu sambandi við allar deildir. Forseti gaf út fréttabréf að jafnaði einu sinni í mánuði. Fréttabréfið var fyrst og fremst hugsað sem upplýsingarit fyrir formenn deilda. Í fréttabréfinu komu fram skilaboð og upplýsingar um starfið innanlands og alþjóðastarfið. Einnig fór forseti landssambandsins í heimsókn til flestra deilda á tímabilinu. Fyrri veturinn var forseti á fundum með Gammadeild, Etadeild, Þetadeild, Iotadeild, Kappadeild og Lamdadeild

heimsóttar. Seinni veturinn voru fundir með Alfadeild, Deltadeild og Epsilondeild. Til stendur að vera með Betadeild, Zetadeild og Mýdeild núna í maí. Forseti fór í nokkrar heimsóknir en einnig voru haldnir fundir í gegnum netið á Skype. Það er mjög mikilvægt að hitta félagskonur og tengja þannig betur deildastarfið við landssamtökin. Meginerindi forseta á fundunum var að kynna starfsáætlun, hvetja til virkni, eflingu tengslanets, alþjóðastarfið og taka þátt í umræðum um samtökin.

Nefndir

Menntanefndin hefur skipulagt fræðsludagskrá annars vegar á vorþingi 2014 og hinsvegar á landssambandsþingi 2015. Nefndin hefur sett saman áhugaverða dagskrá þar sem reynt er að höfða til sem flestra með fjölbreyttum erindum. Formaður nefndarinnar var Ingibjörg Jóhannsdóttir gammadeild, aðrar nefndarkonur voru Sigurborg Kristjánsdóttir Lamdadeild, Linda Hrönn Helgadóttir Kappadeild, Hildur Halldórsdóttir Iotadeild og Sigríður H. Pálsdóttir Zetadeild.

Félaga- og útbreiðslunefnd hefur endurskoðað félagatalið reglulega og uppfært það í samvinnu við Eygló Björnsdóttur vefstjóra. Einnig kom féлага- og útbreiðslunefnd að endurskoðun handbókar. Auk þessa verkefna hefur nefndin séð um félagatal og samskipti við alþjóðaskrifstofu. Formaður nefndarinnar var Elínborg Sigurðardóttir og aðrar nefndarkonur voru Ásborg Arnórsdóttir og Sigríður Guttormsdóttir allar úr Epsilondeild.

Laganefnd fór yfir lög og reglugerðir og skoðaði lögin miðað við samþykktir alþjóðasamtakanna sumarið 2014. Gerðar voru tilögur að breytingum sem lagðar verða fyrir aðalfund í maí 2015. Formaður laganefndar var Hulda Björk Þorkeldsdóttir Þetadeild og aðrar nefndarkonur voru Halldóra Jónsdóttir Deltadeild og Steinunn Guðmundsdóttir Iotadeild.

Samskipta- og útgáfunefnd gaf út fjögur fréttabréf og voru þau einstaklega efnismikil með forvitnilegum viðtölum bæði við DKG konur og konur utan félagsins. Fréttabréfin hafa verið gefin út á netinu en hægt er að prenta þau út ef konur vilja. Góð samvinna hefur verið milli nefndarinnar og vefstjóra. Formaður samskipta- og útgáfunefndar var Dagbjört Ásgeirsdóttir Mýdeild og aðrar nefndarkonur voru Dagný Birnisdóttir Mýdeild, Fríða Pétursdóttir Betadeild og Sigríður Magnúsdóttir Betadeild.

Námsstyrkjanefnd auglýsti námsstyrki til úthlutunar vorið 2015. Um styrkinn sótti ein félagskona en hefð er fyrir að úthluta styrknum á landssambandsþinginu. Formaður námsstyrkjanefndar var Ágústa Guðmundsdóttir Alfadeild og aðrar nefndarkonur voru Sigrún Ásta Jónsdóttir Þetadeild og Ágústa Unnur Guðmundsdóttir Etadeild.

Uppstillingarnefnd var kosin á aðalfundi vorið 2013. Nefndin auglýsti eftir konum í nýja stjórn, uppstillingarnefnd og endurskoðendur í janúar 2015. Formaður uppstillingarnefndar var

Ingibjörg Einarsdóttir og aðrar nefndarkonur voru Ingibjörg Auðunsdóttir Betadeild og Marta Guðjónsdóttir Alfadeild.

Endurskoðendur fyrir tímabilið 2013 – 2015 voru Ingibjörg E. Guðmundsdóttir Alfadeild og Ragnhildur Þórarinsdóttir Gammadeild.

Alþjóðlegar nefndir

Tímabilið 2012-2014 voru eftirtaldar konur í alþjóðlegum nefndum:

Communication and Publicity Committee: Eygló Björnsdóttir, Betadeild

Editorial Board: Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild

European forum: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

Expansion Committee: Hertha W. Jónsdóttir, Gammadeild

Golden Gift Fund Committee: Guðný Helgadóttir, Gammadeild

Membership Committee: Kristín Jónsdóttir, Gammadeild

World Fellowship Committee: Guðbjörg Sveinsdóttir, Betadeild

Tímabilið 2014-2016 eru eftirtaldar konur í alþjóðlegum nefndum:

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir Alfadeild var kosin á alþjóðþinginu í Indianapolis í Nominations Committee og fékk hún glæsilega kosningu.

Constitution Committee: Auður Torfadóttir, Etadeild

Educational Excellence Committee: Guðný Helgadóttir, Gammadeild

Educators Award Committee: Dagbjört Ásgeirsdóttir, Mydeild

European forum: Krístrún Ísaksdóttir, Gammadeild

Membership Committee: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild (frá 2014–2018)

Scholarship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfadeild

World Fellowship Committee: Eygló Björnsdóttir, Betadeild

Öllum nefndarkonum bæði í innlendum og erlendum nefndum þakka ég kærlega fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

Námskeið

Árið 2012 beitti landssambandið sér fyrir því að gefa deildum kost á námskeiðum, sem við köllum **DKG stjörnuna**. Tilgangurinn er að efla DKG konur í að ná árangri í félaginu og að taka að sér mismunandi verkefni, jafnt innan DKG sem utan. Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild setti saman námskeið og heldur þau fyrir þær deildir sem eftir því leita. Landssambandið hefur styrkt námskeiðahaldið með því að borga ferðakostnað.

Námskeiðið er í fimm mismunandi hlutum sem allir tengjast þó og er sett fram sem fimm arma stjarna með miðjukjarna. Það felur í sér ýmis konar þjálfunarleiki ásamt umræðum og hópavinnu um hin ýmsu svið starfsins.

Fyrsta námskeiðið var haldið hjá Lambdadeild í Reykjavík í mars 2013 og nú hafa verið haldin sjö námskeið á stjörnusviði 1 og tvö námskeið á stjörmusviði 2. Alls 86 þátttakendur. Námskeiðunum hefur verið vel tekið þar sem þau hafa verið haldin.

Vefsíða

Eygló Björnsdóttir Betadeild, er vefstjórinn okkar og stýrir bæði Íslensku heimasíðunni og Facebook síðunni. Þar að auki annast hún síðu Evrópusamtakanna. Eygló er ætíð boðin og búin að hjálpa félagskonum við allt sem að netsíðunum snýr. Eygló hefur einnig aðstoðað félaganefndina við að uppfæra félagatalið reglulega.

Vorþing

Vorþingið var haldið á Ísafirði laugardaginn 10. maí 2014. Lotadeildin sá um undirbúning og ytri umgjörð en menntanefndin sá um faglegu dagskrána. Yfirskrift þingsins var Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni. María Katharina Heimbach forseti Evrópusvæðisins flutti ávarp og síðan voru fluttir fjölbreyttir og áhugaverðir fyrirlestrar um upplýsingatækni, lýðræðiskennslu, Fab-Lab og samstarf leik- og grunnskóla. Að sjálfsögðu var síðan farið í sögugöngu og móttöku hjá lotasysturum og endað á einstaklega skemmtilegum kvöldverðarhlaðborði í Tjöruhúsinu.

Landssambandsþing

Landssambandsþing verður haldið í Reykjavík, lðusal Lækjargötu dagana 9. og 10. maí 2015. Etadeild og Kappadeild sjá um undirbúning og ytri umgjörð en menntanefndin hefur sett saman spennandi faglega dagskrá sem ber yfirheitið Að vera tengdur – uppspretta skólaþróunar og skapandi leiða í námi. Að þingi loknu var gengið niður á Granda í Sjóminjasafnið þar sem snætt var kvöldsnarl. Á þinginu var Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir heiðruð fyrir vel unnin störf fyrir félagið. Á sunndeginum verður síðan aðalfundur með hefðbundnum aðalfundarstörfum.

Samfélagsleg verkefni

Eitt af markmiðum DKG er að hvetja konur til virkrar þátttöku í samfélagi okkar. Félagið fékk það ánægjulega tækifæri að bjóða félagskonu að taka þátt í tveimur slíkum verkefnum. Auglýst var eftir félagskonum til að taka þátt í verkefnum.

Kristín Jónsdóttir Gammadeild sótti hugarflugsfund í Höfða vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Ísland. Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 27.nóv. 2014. Laugardaginn 21.febrúar 2015 sat Kristín Jónsdóttir Gammadeild, vinnufund Jafnréttisstofu í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og frjáls félagasamtök í tilefni 25 ára afmælis Peking áætlunarinnar.

Haustið 2013 birtist viðtal við Sigrúnu Klöru Hannesdóttur í Morgunblaðinu í tilefni þess að hún átti stórafmæli. Sigrún Klara hefur ferðast vítt og breitt um heiminn og einnig hefur hún í nokkur ár styrkt fátæk börn í Perú. Þar hefur hún m.a. komið upp bókasafni. Sigrún Klara hlaut alþjóðlega viðurkenningu, Achievement Award á Evrópuþingi DKG í Amsterdam.

Alþjóðþing

Sumarið 2013 sótti forseti námskeið alþjóðasamtakanna á Evrópuþingi í Amsterdam. Þingið sóttu fjölmargar íslenskar konur. Nokkrar þeirra voru með fyrirlestra og kynningar og stóðu þær sig mjög vel. Á þinginu fékk Sigrún Klara Hannesdóttir heiðursviðurkenningu alþjóðasamtakanna fyrst evrópskra kvenna, Achievement Award fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Íslensku konurnar voru afar stoltar af Sigrúnu Klöru og fögnuðu þessum viðburði.

Sumarið 2014 var haldið alþjóðþing í Indianapolis júlí – ágúst sem forseti sótti fyrir hönd DKG á Íslandi. Ingibjörg Jónasdóttir sótti þingið sem formaður Evrópuforum og einnig sóttu þingið þær Sigrún Klara Hannesdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir. Það var einstaklega gaman að sitja alþjóðþing með þessum reynsluboltum. Ég lærði mikið og það var ómetanlegt að geta leitað til þessara kvenna því hlutverk forseta er töluvert á slíkum þingum og dagskráin þétt og flókin.

Vörur

Stjórn landssambandsins ákvað að láta vefa meira af lyklakippum með merki samtakanna. Það var listamaðurinn philippe Ricart sem óf lyklakippurnar. Einnig ákvað stjórnin að láta sérprenta spil. Spilin og lyklakippurnar verða seldar til styrktar landssambandinu. Gjaldkeri hefur séð um að panta nælur fyrir félagskonur og sér um sölu á þeim líkt og öðrum vörum á vegum landssambandsins.

Lokaorð

Ég þakka stjórnarkonum, fyrrum forseta, lögsögumanni og gjaldkera fyrir gott og óeigingjarnt starf, þær hafa verið dugmiklar og stjórnin verið samstíga í öllum framkvæmdum. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sem komu að starfi landssambands DKG á þessum tveimur árum, leiðbeindu okkur og hjálpuðu með góðum ráðum og vinnu.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir

Forseti DKG á Íslandi